

Leiðbeiningar vegna ferða til svæða þar sem zíkaveira smitast með moskítóflugum



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

5. ágúst 2016

Inngangur

Zíkaveira telst til svokallaðra flaviveira en meðal þeirra eru beinbrunaveira (*Dengue*) og guluveira (*Yellow fever*). Zíkaveiran uppgötvaðist fyrst í Mið-Afríku á fimmta áratug síðustu aldar en sýking af völdum veirunnar var talin sjaldgæf og bundin við svæði í Afríku og Asíu.

Vorið 2015 varð vart við mikla útbreiðslu zíkaveiru í Brasilíu. Samtímis varð vart við aukningu á fósturskaða sem leiddi til heilasmæðar ([microcephaly](#)) og Gullain-Barré Syndrome (GBS). Í kjölfarið hófust umfangsmiklar rannsóknir á zíkaveirusýkingu og hugsanlegum afleiðingum hennar. Niðurstöður þessara rannsókna sýna sífellt sterkari tengsl zíkaveirusýkingar á fyrsta og öðrum þriðjungi meðgöngu við meðfæddar vanskapanir í miðtaugakerfi og höfuðsmæð hjá fósturum og nýfæddum börnum. Minna er vitað um zíkaveirusýkingar á síðasta þriðjungi meðgöngunnar og þar til meiri þekking hefur fengist er rétt að líta á zíkaveirusýkingu sem ógn alla meðgönguna. Samkvæmt nýlegu stöðumati frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni var talið víst að zíkaveirusýking móður á meðgöngu gæti orsakað heilasmæð hjá barninu. Tengsl við zíkaveirusýkingar við GBS hafa samtímis orðið stöðugt sterkari og nú talið víst að GBS geti komið í kjölfar zíkaveirusýkingar. Hægt er að lesa nánar um málið á vefsíðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar ([WHO](#)) og Sóttvarnastofnunar Evrópusambandsins ([ECDC](#)).

Útbreiðsla Zíkaveiru í heiminum

Í byrjun ágústmánaðar 2016 var vitað um zíkaveirusmit með moskítóflugum í alls 65 löndum, samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), sjá nánar á vefsíðu WHO <http://www.who.int/emergencies/zika-virus/en/>. Þar af var 51 land þar sem smit zíkaveiru með moskítóflugum varð fyrst vart á árinu 2015. Flest smit hafa orðið í mið og Suður-Ameríku.

Í lok júlí varð í fyrsta sinn vart við smit zíkaveiru með moskítóflugum í Bandaríkjunum, því í byrjun ágústmánaðar höfðu alls 14 manns smitast á afmörkuðu svæði í Miami, Florida. Talið er að rekja megi smitið í Miami aftur til 15. júní á þessu ári.

Einkenni

Talið er að um flestir (80%) þeirra sem smitast af zíkaveiru fái engin einkenni en hjá þeim sem veikjast (20%) eru algengustu einkennin hiti, útbrot, liðverkir og hvarmabólga. Einkennin vara frá nokkrum dögum upp í viku en leiða sjaldan til sjúkrahúsvistar. Í mjög sjaldgæfum tilvikum er talið að veiran geti valdið heilkenni bráðrar fjöltaugabólgu (*Gullain-Barré syndrome*).

Meðgöngutími

Meðgöngutími, þ.e. tími frá biti moskítóflugu þar til einkenni koma í ljós er 3 – 12 dagar.

Smitleiðir og almennar smitvarnir

- Zíkaveiran berst helst í menn með biti moskítóflugna.
- Sýkingin getur borist frá móður til fósturs.
- Sýkingin getur borist með blóðgjöf.

- Zíkaveiran smitast á milli manna með kynmökum, en í flestum slíkumtilvikum hefur smit borist frá einstaklingum sem voru með einkenni. Lifandi zíkaveira hefur fundist í sæði í allt að 24 daga frá upphafi einkenna zíkaveirusýkingar.

Varnir til að forðast bit moskítóflugna

- Ráðlegt er að nota moskítófælandi áburð (athugið að efni sem innihalda DEET má ekki nota fyrir börn yngri en þriggja mánaða).
- Klæðist síðerma skyrtum og síðbuxum.
- Mikilvægt að nota moskítónet með eða án flugnafælandi efni.

Leiðbeiningar fyrir ferðamenn til landa þar sem zíkaveirusmit berst með mósíkítóflugum

Ráðleggingar fyrir barnshafandi konur og konur sem hyggja á barnseign eru eftirfarandi:

- Barnshafandi konur og konur sem hyggja á barnseign sem hafa hug á að ferðast til landa þar sem smit zíkaveiru berst með mósíkítóflugum eru hvattar til að fresta för þar til eftir fæðinguna ef þess er nokkur kostur.
- Barnshafandi konum sem hafa verið á ofangreindum svæðum, er ráðlagt að leita læknis eftir heimkomu óháð því hvort þær hafi veikst eða ekki.
- Barnshafandi konum sem eru á ofangreindum svæðum er ráðlagt að vera með góðar varnir gegn biti moskítóflugna.
- Konur sem hafa dvalið á svæðum þar sem smit zíkaveiru berst með moskítóflugum ættu að bíða með barnseignir í átta vikur eftir heimkomu

Smit með zíkaveiru hefur bara átt sér stað á afmörkuðu svæði í Miami, Flórída. Ekki er vitað um smit zíkaveiru utan þess svæðis. Sóttvarnalæknir ráðleggur barnshafandi konum frá því að ferðast til Miami. Þær barnshafandi konur sem hyggja á dvöl á öðrum svæðum í Flórída er ráðlagt að fylgjast með þróun mála, því áhættumatið getur breyst ef smit zíkaveiru með moskítóflugum greinist á öðrum svæðum í Flórída.

Ráðleggingar fyrir aðra ferðamenn:

- Smokkanotkun dregur úr hættu á smiti zíkaveiru við kynmök.
- Karlmennt sem hafa dvalið á svæðinu og eiga kynmök við barnshafandi konu er ráðlagt nota smokk þar til meðgöngu er lokið.
- Þeir sem hafa dvalið á svæðinu geta komið í veg fyrir að smita aðra með því að nota smokka. Mælt er með notkun smokka í átta vikur, ef einstaklingurinn hefur ekki haft einkenni zíkaveiru sýkingar, en í sex mánuði ef viðkomandi hefur fengið einkenni zíkaveiru sýkingar.
- Þeim sem dvelja á svæðum þar sem zíkaveiran smitast með moskítóflugum er ráðlagt að viðhafa góðar varnir til að forðast bit moskítóflugna.